


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Áfangaheiti (SALF2SF05) fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Jónína Margrét Guðbjartsdóttir (jonina@vma.is)	Sk.st.	JMG
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Þetta er grunnáfangi í sálfræði og ætlað að kynna nemandanum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, sögu og þróun. Kynntar eru helstu sálfræðistefnur og grunnhugtök. Þá er fjallað um starfssvið sálfræðinga og helstu undirgreinar. Nemandi kynnist rannsóknaraðferðum sálfræðinnar bæði bóklega og verklega. Fjallað er sérstaklega um námssálarfræði bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt og nemendur læra mismunandi tegundir náms og minnisaðferða. Fjallað er um samspil hugsunar, hegðunar, tilfinninga, sjálfsmyndar, mannlegra samskipta, þróun náinna sambanda og almennt um mannlegt eðli. Áhersla er lögð á að tengja sálfræðina reynsluheimi nemandans, auka víðsýni hans, rökhusun og að hann læri sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- grundvallarhugmyndum sem móta kenningar í sálfræði
- helstu frumkvöðlum í greininni
- víðfeðmi sálfræðinnar og helstu undirgreinum hennar
- hagnýtu gildi sálfræðinnar
- leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- mótunaröflum einstaklinga og hópa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sem mótað hafa sálfræðina
- beita algengustu hugtökum sálfræðinnar á skýran og skilmerkilegan máta
- skoða sína eigin hegðun og annarra út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- skoða eigin hugsun og tilfinningar út frá grundvallarhugmyndum sálfræðinnar
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni seKennsluáætlunm hann hefur aflað sér til að:

- skilja mótunaráhrif umhverfisins á sjálfan sig og aðra
- skilja samspil hegðunar, hugsunar og tilfinninga
- geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér
- framkvæma einfalda rannsókn og átta sig á helstu niðurstöðum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Áfangaheiti (SALF2SF05) fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Námsgögn:

Inngangur að sálfræði.

Höfundar: Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir

Útgefandi: JPV Reykjavík 2008.


Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
5-6	
30.jan.-10. feb.	1. kafli. Hvað er sálfræði og 2. kafli. Þróun greinarinnar.
7-8	
13.-24. feb. 9	3. kafli. Stefnur í sálfræði. próf/verkefni á moodle (1. og 2. kafli). Smáverkefni 1
27.feb.-3. mars. 10-11	4. kafli Námsálfræði. Próf/verkefni á moodle (3. og 4. kafli)
6.-17. mars.. 12-13	5. kafli Hugræn sálfræði. Smáverkefni 2
20.-31. mars. 14-16	6. kafli. Rannsóknir í sálfræðinni. Próf/verkefni á moodle (5. og 6. kafli)
3. -21. apríl. 17	7. kafli. Sjálfsmynd og samskipti. Skil á rannsókn og rannsóknarskýrslu. Smáverkefni 3
24.-28. apríl. 18	Efni klárað og lokaskil á verkefnum. Próf/verkefni á moodle (7. kafli)
2.-5. maí	Próf/verkefni á moodle (1.-7. kafli)

Verkefni:


Nemendur taka þátt í umræðum á moodle þar sem hver og einn hefur máls á tveimur málefnum og svo tjá þeir sig um málefni sem aðrir í hópnum hafa valið og umræðum frá kennara. Umræðurnar eiga að hefjast um leið og önnin hefst og þar til hún er búin. Fjögur verkefni úr köflum bókarinnar verða á önninni og þrjú smá verkefni. Eitt verkefni verður í lok annar úr öllum köflunum. Nemendur gera eina litla rannsókn og vinna út frá henni rannsóknarskýrslu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Áfangaheiti (SALF2SF05) fjarnám	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		
		Námsáætlun vorönn 2017

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Umræður	Umræður úr efni kaflanna		20%
Rannsókn	Rannsókn og rannsóknarskýrsla		30%
Verkefni	Minni verkefni úr köflum bókarinnar (5%hvert)		20%
Smáverkefni	Þrjú smáverkefni (5% hvert)		15%
Stórt verkefni	Verkefni með stórum og stuttum spurningum		15%
	Samtals:		100%
Annað: Til þess að fá lokaekunn þarf að taka þátt og skila af sér öllum þáttum í námsmati.			

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn en mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Dagsetning: 1.02.2017

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstjóra staðgengils